

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Ríkisstjórn Íslands**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðherra**
Dagsetning: **20.03.2018**
Málsnúmer: **FJR18030061**
Bréfalykill: **7.3.0**

Efni: Endurskoðun tekjuskattkerfisins, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í þágu félagslegs stöðuleika í tilefni af mati á kjarasamningum á almennum vinnumarkaði

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 27. febrúar 2018 um aðgerðir í þágu félagslegs stöðugleika í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum markaði er að finna áform hennar um endurskoðun á tekjuskattkerfi einstaklinga. Þar segir nánar tiltekið:

„Hafin verður endurskoðun á tekjuskattkerfinu með áherslu á lækkun skattbyrði og mögulegar breytingar á fyrirkomulagi persónuafsláttar og samspili við bótakerfi sem ætlað er að styðja við tekjulægri hópa (lágtekjur og lægri millitekjur).“

„Meðal þess sem skoðað verður er að sett verði á fót heildstætt kerfi er taki jafnt til stuðnings hins opinbera við barnafjölskyldur og stuðnings vegna húsnæðiskostnaðar, hvort heldur er fyrir íbúðareigendur eða leigjendur.“

„Þessi vinna verður undir forystu fjármála- og efnahagsráðuneytis í samstarfi við samtök launþega í því skyni að sem breiðust samstaða geti náðst um áherslur og endanlegar breytingar. Ætlunin er að ljúka þessari vinnu á haustmánuðum 2018 áður en fjárlög ársins 2019 verða afgreidd.“

Skipun starfshóps.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur þegar óskað eftir því við sérfræðinga ráðuneytisins að hefja undirbúning að skipun **stýrihóps og starfshóps** sem verði falið það verkefni að skila honum tillögum að heildstæðu tekjuskattkerfi fyrir einstaklinga á haustmánuðum 2018. Við mótun þeirra tillagna verði einnig horft til þess stuðnings sem hið opinbera veitir barnafjölskyldum í formi barnabóta og barnalífeyris og sömuleiðis til húsnæðisstuðnings í formi vaxtabóta, húsnæðisbóta og skattfrelsis séreignarsparnaðar. Í starfi hópsins skal lögð sérstök áhersla á stuðning við tekjulægri fjölskyldur. Þegar liggja fyrir grunngögn frá tveimur starfshópum, sem skipaðir voru í tíð fyrri ríkisstjórnar um sama efni, sem stýrihópi og nýjum starfshópi er ætlað að taka mið af. Þá skal einnig horft til tekjuskattkerfa nágrannalandanna við tillögugerðina.

Í starfshópnum munu sitja sérfræðingar um tekjuskatts-, bóta- og stuðningskerfi einstaklinga sem annast greiningu verkefnisins, talnalega meðferð og útfærslu tillagna. Stýrihópurinn sem skipaður verður fulltrúum þriggja ráðuneyta, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytisins, forsætisráðuneytisins og velferðarráðuneytisins, mun aftur á móti hafa það hlutverk að fylgjast með framvindu verkefnisins í starfshópnum, auk þess að taka þátt í mótun einstakra tillagna á vettvangi hans. Jafnframt því skal stýrihópurinn að hafa reglubundið samráð við samtök launþega og aðra þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta við tillögugerðina í því skyni að ná breiðri samstöðu um áherslur og endanlegar breytingar.